

**AudioForum**<sup>®</sup>  
The Audio & Language Source

Icelandic  
*Íslenska*  
Conversations

**AudioForum®**

Icelandic

*Íslenska*

Conversations

by

Kenneth G. Chapman

Erla Trygvadóttir

Pétur Pétursson

edited with a glossary

by

Harold A. Roe

University of Wisconsin, 1954

Harvard University, 1965

AudioForum Reprint Edition.

## ICELANDIC CONVERSATIONS

### UNIT ONE

1.

A. Góðan daginn.

B. Góðan daginn.

A. Hvernig líður þér í dag?

B. Ágætlega, takk.

A. Ágætlega, takk.

B. Ég þarf að fara í tíma núna.

A. Vertu sæll.

B. Sæll.

sæll (to a woman)

sæll (plural; mixed)

A. Hello (Good day).

B. Hello.

A. How are you today?

B. Fine, thanks.

A. Fine, thanks.

B. I have to go to class now.

A. Goodbye.

B. Goodbye.

#### Additional Vocabulary:

Gott kvöld: Good evening

Hvernig hefur þú það?: How are you?

Hálfilla: Not so good.

2.

A. Fyrirgefðu, hvað er klukkan

B. Klukkan er tvö.

A. Fyrirgefðu, ég skil ekki. Viltu endurtaka það.

B. Klukkan er tvö.

A. Ó, núna skil ég þig. Takk fyrir.

B. Það var ekkert.

A. Pardon me, what time is it?

B. It's two o'clock.

A. Pardon me, I don't understand. Would you repeat that.

B. It's two o'clock.

A. Oh, now I understand you. Thank you

B. You're welcome (It was nothing)

#### Additional Vocabulary

Afsakið: Pardon me

Ekkert að þakka: You're welcome

3.

- A. Eg heiti Gunnar Sveinsson.  
Komdu sæll.  
B. Komdu sæll. Eg er Jón Einarsson.  
  
A. Talarðu íslensku?  
B. Já, dálítið.  
A. Skilurðu mig?  
B. Já, ég skil þig sæmilega.

- A. My name is Gunnar Sveinsson.  
How do you do?  
B. How do you do? I'm Jón Einarsson  
A. Do you speak Icelandic?  
B. Yes, a little.  
A. Do you understand me?  
B. Yes I understand you quite well

4.

- A. Afsakið. Hvar er pósthúsið?  
  
B. Það er beint áfram.  
A. Takk fyrir.  
B. Ekkert að þakka.

- A. Pardon me. Where's the post office?  
B. It's straight ahead.  
A. Thank you.  
B. You're welcome.

### Additional Vocabulary

Þakka þér fyrir: Thank you.

5.

- A. Hvað get ég gert fyrir þig?  
  
B. Attu til sigarettur?  
A. Hvað mikið?  
B. Hvað kosta þær?  
A. Tíu krónur þakinn?  
B. Gæti ég fengið tvo þakka. Og eldspýtur líka.  
A. Gerðu svo vel.\*  
B. Takk

- A. Can I help you (What can I do for you).  
B. Do you have any cigarettes?  
A. How many?  
B. What do they cost?  
A. Ten crowns a pack?  
B. Could I have two packs, please. And some matches, too.  
A. Here you are.  
B. Thank you.

\* An expression used when handing something to someone

6.

- A. Eg ætla að fá mat, takk.  
B. Hvað viltu fá?  
A. Tvær brauðsneiðar, takk.  
B. Viltu fá þér eitthvað að drekka með?  
A. Kaffibolla, takk.  
B. Gjörðu svo vel.  
A. Hvað kostar þetta  
B. Fimmtán krónur.

- A. I'd like something to eat, please  
B. What would you like?  
A. Two sandwiches, please.  
B. Do you want something to drink, too?  
A. A cup of coffee, please.  
B. Here you are.  
A. How much is it?  
B. Fifteen crowns.

### Additional Vocabulary

Vatnsglas: a glass of water

Mjolkurglas: a glass of milk

Ólglas: a glass of beer

Bjorglas: a glass of beer

7.

A. Hvað heitir þetta á íslensku?

B. Þetta heitir "sími".

A. Hvað heitir "table" á íslensku?

B. Borð.

A. Borð. Ber ég þetta rétt fram?

B. Viltu endurtaka það.

A. Borð.

B. Já, þetta var rétt.

A. What is that called in Icelandic?

B. That is called "sími" (a telephone).

A. What is "table" in Icelandic?

B. "Borð" (a table).

A. "Borð". Am I pronouncing it right?

B. Please repeat it.

A. "Borð".

B. Yes, that's right.

### Additional Vocabulary

rangt: wrong

Hvað er þetta kallað: What is that called?

8.

A. Fyrirgefðu, hvar get ég fundið síma?

B. Hvað sagðir þú?

A. Hvar er sími?

B. Þú getur fengið að nota síma í búðinni á horninu.

A. Takk fyrir.

A. Excuse me, where can I find a telephone?

B. What did you say?

A. Where is a telephone?

B. You can get to use a telephone in the store on the corner.

A. Thank you.

9.

A. Góðan daginn.

B. Góðan daginn. Það er gott veður í dag.

A. Já, það má nú segja!

B. Eg kann vel við svalt veður.

A. Good morning.

B. Good morning. It's a nice day.

A. Yes, it certainly is.

B. I like it when it's cool.

### Additional Vocabulary

kalt: cold

heitt: hot

10.  
einn  
tveir  
þrír  
fjórir  
fimm  
sex  
sjö  
átta  
nín  
tíu  
ellefu  
tölf

one  
two  
three  
four  
five  
six  
seven  
eight  
nine  
ten  
eleven  
twelve

## UNIT TWO

Paul Ericson, Bandaríkjamadur, er nykominn til Reykjavíkur. Hann gengur eftir strætinu.

**Paul:** Afsakið, geturðu vísað mér leiðina til hótels?

**Íslendingur:** Gangtu beint áfram og beygðu svo til hægri.

**Paul:** Takk fyrir.

**Íslendingur:** Ertu ekki Bandaríkjamadur?

**Paul:** Jú, það er ég.

**Íslendingur:** Eg hef verið í Bandaríkjunum. Eg heiti Tryggvi Gunnarsson. Komdu sæll.

**Paul:** Komdu sæll. Eg heiti Paul Ericson.

**Tryggvi:** Við skulum fá okkur kaffi saman.

**Paul:** Ágætt. Eg er þyrstur.

**Tryggvi:** Það er veitingahús þarna á horninu.

In the restaurant

**Tryggvi** (við þjóninn): Tvo kaffibolla, takk.

**Þjónninn:** Gerið svo vel.

**Paul:** Gæti ég fengið vatnsglas líka, takk?

**Þjónninn:** Sjálfsagt, gerðu svo vel.

**Paul:** Takk.

**Tryggvi:** Hefurðu verið lengi á Íslandi.

**Paul:** Nei ég kom hingað í gær.

**Tryggvi:** Þekkirðu nokkurn á Íslandi?

**Paul:** Já, vinur föður míns býr í Reykjavík.

**Tryggvi:** Er faðir þinn Bandaríkjamadur?

**Paul:** Já, en hann var fæddur í Danmörku.

**Tryggvi:** Er móður þín líka dönsk?

**Paul:** Nei, hún er amerísk.

Paul Ericson, an American, has just arrived in Reykjavík. He is walking along the street.

**Paul:** Excuse me, could you show me the way to a hotel?

**Icelander:** Go straight ahead and then turn to the right.

**Paul:** Thank you

**Icelander:** Aren't you an American?

**Paul:** Yes, I am.

**Icelander:** I've been in America. My name is Tryggvi Gunnarsson. How do you do?

**Paul:** How do you do? My name is Paul Ericson.

**Tryggvi:** Let's have a cup of coffee together.

**Paul:** Fine. I'm thirsty.

**Tryggvi:** There's a restaurant (there) on the corner.

In the restaurant

**Tryggvi** (to the waiter): Two cups of coffee, please.

**Waiter:** Here you are.

**Tryggvi:** Could I have a glass of water, too?

**Waiter:** Certainly. Here you are.

**Paul:** Thank you.

**Tryggvi:** Have you been in Iceland long?

**Paul:** No, I got here yesterday.

**Tryggvi:** Do you know anyone in Iceland?

**Paul:** Yes, a friend of my father lives in Reykjavík.

**Tryggvi:** Is your father American?

**Paul:** Yes, but he was born in Denmark.

**Tryggvi:** Is your mother also Danish?

**Paul:** No, she's American.

**Tryggvi:** Hvaðan ertu úr Bandaríkjunum?

**Paul:** Eg er frá Minneapolis.

**Tryggvi:** Eg á vin í Minneapolis.

**Paul:** Hvað heitir hann?

**Tryggvi:** Hann heitir Robert Thordarson. Eg hitti hann þegar ég var í Bandaríkjunum.

**Paul:** Er hann íslenskur?

**Tryggvi:** Nei, hann var fæddur í Bandaríkjunum, en faðir hans var íslenskur.

**Paul:** Eg þekki hann ekki. Minneapolis er stór borg.

**Tryggvi:** Já, ég veit það. Eg var þar í nokkra mánuði.

**Paul:** Eg ætla að hitta hann þegar ég kem aftur til Minneapolis.

**Tryggvi:** Agætt. Eg er viss um að þér líki vel við hann.

**Paul:** Eg er viss um að mér mun líka vel við Íslendinga.

**Tryggvi:** Eg vona það. Þú talar íslensku vel.

**Paul:** Takk.

**Tryggvi:** Hvar lærðirðu hana?

**Paul:** Af íslenskum vinum.

**Tryggvi:** Íslenska er ekki kennd í amerískum skólum, er það?

**Paul:** Nei, því miður. Hvað er klukkan?

**Tryggvi:** Hún er hálf fimm.

**Paul:** Eg þarf að fara núna.

**Tryggvi:** Eg vona (að) ég hitti þig aftur. Hringdu í mig ef þú hefur tíma til.

**Paul:** Eg skal gera það. Vertu sæll.

**Tryggvi:** Vertu sæll.

**Tryggvi:** Where are you from in the United States.

**Paul:** I'm from Minneapolis.

**Tryggvi:** I have a friend in Minneapolis.

**Paul:** What is his name?

**Tryggvi:** His name is Robert Thordarson. I met him when I was in the United States.

**Paul:** Is he Icelandic?

**Tryggvi:** No, he was born in the United States, but his father is Icelandic.

**Paul:** I don't know him. Minneapolis is a big city.

**Tryggvi:** Yes, I know. I spent a couple of months there.

**Paul:** I'll look him up (=meet him) when I get back to Minneapolis.

**Tryggvi:** Good, I'm sure you'll like him.

**Paul:** I'm sure I'll like people in Iceland.

**Tryggvi:** I hope so. You speak good Icelandic.

**Paul:** Thank you.

**Tryggvi:** Where did you learn it?

**Paul:** From Icelandic friends.

**Tryggvi:** Icelandic isn't taught in American schools, is it?

**Paul:** No, unfortunately. What time is it?

**Tryggvi:** It's 4:30.

**Paul:** I have to go now.

**Tryggvi:** I hope I meet you again. Call me up if you have time.

**Paul:** I will. Goodbye.

**Tryggvi:** Goodbye



## UNIT THREE

Vinur föður Pauls hefur boðið honum til kvöldverðar. Paul er nýkominn heim til hans.

**Paul:** Gott kvöld. Eg er Paul Ericson.

**Gunnar:** Komdu sæll. Eg heiti Gunnar Ólafsson.

**Paul:** Komdu sæll. Það gleður mig að kynna þér. Faðir minn hefur sagt mér margt um þig.

**Gunnar:** Það er gaman að fá þig hingað. Þetta er konan mín, Þóra.

**Þóra:** Komdu sæll, Paul.

**Paul:** Komdu sæl.

**Gunnar:** Hvernig líður föður þínum núna.

**Paul:** Honum líður vel, takk.

**Gunnar:** Það er langt síðan ég hef séð hann.

**Paul:** Þú þekktir hann þegar þú varst við Háskólann í Danmörku, ekki satt!

**Gunnar:** Já, við vorum báðir að læra læknisfræði.

**Þóra:** Maturinn er til. Gerið svo vel.

Eftir matinn

**Paul:** Takk fyrir matinn.\*

**Gunnar:** Verði þér að góðu\*

**Paul:** Þetta var góður matur.

**Þóra:** Eg vona að þú hafir fengið nóg að borða.

**Paul:** Já, takk fyrir.

**Gunnar:** Viltu fá sigarettu?

**Paul:** Nei takk. Eg ætla heldur að reykja pipuna mína.

**Gunnar:** Attu nokkur systkini?

The friend of Paul's father has invited him to dinner. Paul has just arrived at his home.

**Paul:** Good evening. I'm Paul Ericson.

**Gunnar:** How do you do? I'm Gunnar Ólafsson.

**Paul:** How do you do? It's a pleasure to meet you. My father has told me a lot about you.

**Gunnar:** We're glad to have you here. This is my wife, Þóra.

**Þóra:** How do you do, Paul?

**Paul:** How do you do?

**Gunnar:** How is your father now?

**Paul:** He's fine, thanks.

**Gunnar:** It's been a long time since I've seen him.

**Paul:** You knew him when you went to the University in Denmark, didn't you?

**Gunnar:** Yes, we were both studying to become doctors.

**Þóra:** Dinner is ready. Please come.

After dinner.

**Paul:** Thank you for the meal.

**Gunnar:** You're welcome.

**Paul:** That was a good meal.

**Þóra:** I hope you had enough to eat.

**Paul:** Yes, I did.

**Gunnar:** Would you like a cigarette?

**Paul:** No thanks. I'd rather smoke my pipe.

**Gunnar:** Do you have any brothers and sisters.

\* Polite phrases always used after meals by guest and host.

**Paul:** Já, ég á tvo bræður og eina systur.

**Gunnar:** Eru þau yngri en þú?

**Paul:** Systir mín er yngri, en bræður mínir eru eldri en ég.

**Gunnar:** Við eigum tvo syni, en þeir eru báðir kvæntir.

**Paul:** Hefurðu nokkurn tíma verið í Bandaríkjunum?

**Gunnar:** Nei, en ég vildi gjarna fara þangað einhvern tíma. Hvers vegna komstu til Íslands í sumar?

**Paul:** Til að sjá landið. Ég hef lesið mikið um það.

**Gunnar:** Ferðu aftur til Bandaríkjanna í haust?

**Paul:** Já, ég á eftir eitt ár við háskóla.

**Gunnar:** Hvað ertu að læra?

**Paul:** Verkfræði.

**Gunnar:** Þú verður áreiðanlega hrifinn af hitaveitunni hér.

**Paul:** Já, ég hef heyrt talað um hana.

**Gunnar:** Hvar býrðu núna?

**Paul:** Ég bý í hótelinu í nótt og ég ætla að leita að herbergi á morgun.

**Gunnar:** Gæti ég hjálpað þér?

**Paul:** Það væri vel gert af þér. En klukkan er hálf ellefu. Ég þarf að fara núna.

**Gunnar:** Ég skal koma til hótelsins klukkan níu á morgun.

**Paul:** Ágætt. Takk fyrir kvöldið. Góða nótt.

**Gunnar:** Góða nótt.

**Paul:** Yes, I have two brothers and one sister.

**Gunnar:** Are they younger than you?

**Paul:** My sister is younger, but my brothers are older than I.

**Gunnar:** We have two sons, but they are both married.

**Paul:** Have you ever been in America?

**Gunnar:** No, but I'd like to go there sometime. Why did you come to Iceland this summer?

**Paul:** To see the country. I've read a lot about it.

**Gunnar:** Are you going back to the United States in the fall?

**Paul:** Yes, I have one more year at college.

**Gunnar:** What are you studying?

**Paul:** Engineering.

**Gunnar:** You will be interested in our hot-water heating here.

**Paul:** Yes, I've heard about it.

**Gunnar:** Where are you staying now?

**Paul:** I'm staying at the hotel tonight and I'm going to look for a room tomorrow.

**Gunnar:** Could I help you?

**Paul:** That would be nice of you. But it's 10:30. I have to go now.

**Gunnar:** I'll come to the hotel at nine o'clock tomorrow morning.

**Paul:** Fine. Thanks (for the evening) Good night.

**Gunnar:** Good night.

## UNIT FOUR

Gunnar kemur á hotelið morguninn eftir.

**Gunnar:** Góðan daginn.

**Paul:** Góðan daginn. Takk fyrir síðast.\*

**Gunnar:** Takk sömuleiðis.\* Svafstu vel í nótt.

**Paul:** Já takk, rúmið var mjög þægilegt.

**Gunnar:** Ertu tilbúinn að fara að leita að herbergi?

**Paul:** Já. Þjónninn hefur bent mér á herbergi sem er laust. Það er á Vesturgötu 34 (þrjátíu og fjögur).

**Gunnar:** Agætt. Við skulum fara þangað.

**Paul:** Er langt að fara?

**Gunnar:** Nei við getum gengið.

Á Vesturgötu 34

**Gunnar:** Góðan daginn. Er herbergi til leigu hérna?

**Húsmóðir:** Já, ég hef tvö herbergi sem eru laus.

**Paul:** Eru þau á fyrstu hæð?

**Húsmóðir:** Nei, þau eru á þriðju hæð.

**Gunnar:** Gætum við séð þau.

**Húsmóðir:** Sjálfsagt. Komid með mér.

Uppi

**Húsmóðir:** Þetta er stærra herbergið. Hitt er hérna við hliðina á þessu.

**Paul:** Er leigan sú sama?

**Húsmóðir:** Nei stærra herbergið

Gunnar comes into the hotel the following morning.

**Gunnar:** Good morning.

**Paul:** Good morning. Thanks for last (night).

**Gunnar:** Thank you. Did you sleep well last night?

**Paul:** Yes, thanks, the bed was very comfortable.

**Gunnar:** Are you ready to start looking for a room?

**Paul:** Yes. The hotel clerk told me about a room for rent. It's at 34 Vesturgata.

**Gunnar:** Fine. Let's go there.

**Paul:** Is it far?

**Gunnar:** No, we can walk.

At 34 Vesturgata

**Gunnar:** Good morning. Is there a room for rent here?

**Landlady:** Yes, I have two rooms to rent.

**Paul:** On the ground floor?

**Landlady:** No, they are on the second floor.

**Gunnar:** Could we see them?

**Landlady:** Of course. Come with me.

Upstairs

**Landlady:** This is the larger room. The other is right next door.

**Paul:** Do they cost the same?

**Landlady:** No. The larger room is

\* Phrases used by a guest and a host when they first meet after having been together.

er dýrara. Hið stærra er fjögur hundruð krónur á mánuði og hið minna er tvö hundruð.

**Paul:** Við skulum líta á hið minna fyrst.

**Húsmóðir:** Eins og þú sérð er þetta talsvert stórt.

**Paul:** Já, þetta er nógu stórt fyrir mig.

**Húsmóðir:** Þarna er borð og tveir stolar og skápur.

**Gunnar:** Skín sólin inn um gluggann?

**Húsmóðir:** Já, já. Stærri glugginn snýr í suður og litli glugginn snýr í austur.

**Paul:** Er þetta ekki gamalt rúm?

**Húsmóðir:** Jú, en það er mjög þægilegt. Sestu niður.

**Paul:** Já, það er þægilegt.

**Gunnar:** Fylgir það með herberginu?

**Húsmóðir:** Baðið er á annarri hæð.

**Paul:** Er bæði heitt og kalt vatn?

**Húsmóðir:** Auðvitað. Og það er líka sturta.

**Paul:** Ágætt. Mér líkar vel við þetta herbergi og það er á góðum stað. Eg ætla að taka þetta.

**Húsmóðir:** Hvenær ætlarðu að flytja inn?

**Paul:** Í kvöld, ef það er í lagi.

**Húsmóðir:** Sjálfsgætt.

**Paul:** Viltu að ég borgi fyrirfram?

**Húsmóðir:** Já, takk.

**Paul:** Gerðu svo vel. Eg kem aftur í kvöld.

**Húsmóðir:** Allt í lagi.

Þeir ganga frá húsinu.

**Gunnar:** Þetta er gott herbergi.

**Paul:** Já, ég held það líka.

**Gunnar:** Viltu að ég sýni þér bæinn núna?

**Paul:** Það væri mjög gaman.

more expensive. The larger is four hundred crowns per month and the smaller is two hundred.

**Paul:** Let's look at the smaller first.

**Landlady:** As you see, it's quite large.

**Paul:** Yes, it's large enough for me.

**Landlady:** There's a table and two chairs and a closet.

**Gunnar:** Does the sun shine in the window?

**Landlady:** Oh, yes. The large window faces south and the small window faces east.

**Paul:** Isn't that an old bed?

**Landlady:** Yes, but is very comfortable. Sit down (on it).

**Paul:** Yes, it is comfortable.

**Gunnar:** Is there a bath with the room?

**Landlady:** The bath is on the first floor.

**Paul:** Is there both hot and cold water

**Landlady:** Of course. And there is also a shower.

**Paul:** Fine. I like this room and it's conveniently located. I think I'll take it.

**Landlady:** When will you be moving in?

**Paul:** This evening, if that's OK.

**Landlady:** If course.

**Paul:** Shall I pay in advance?

**Landlady:** Yes, please.

**Paul:** Here you are. I'll be back this evening.

**Landlady:** All right

They leave the house.

**Gunnar:** That's a good room.

**Paul:** Yes, I think so, too.

**Gunnar:** Would you like me to show you the town now?

**Paul:** That would be a lot of fun.

## UNIT FIVE

Paul og Gunnar fara að skoða bæinn.

**Paul:** Hefurðu kort af bænum?

**Gunnar:** Já, hér er gott kort. Littu á það.

**Paul:** Takk fyrir.

**Gunnar:** Eins og þú sérð, þá stendur borgin á nesi.

**Paul:** Eru ekki margar hæðir og holt í bænum?

**Gunnar:** Jú, við köllum Reykjavík stundum borgina á hæðunum sjö.

**Paul:** Eru ekki einhverjar fallegar byggingar sem við getum séð?

**Gunnar:** Jú, þarna er til dæmis (t.d.) Kapólska kirkjan, sem þú getur séð þarna. Alþingishúsið er nálægt hótelinu. Og svo er Háskólinn og Þjóðleikhúsið og nokkrar fallegar myndastyttur.

**Paul:** Eg hef heyrt sagt, að Háskólinn sé fögur bygging.

**Gunnar:** Það er alveg satt. Eigum við að fara þangað?

**Paul:** Hvernig komumst við þangað?

**Gunnar:** Við getum gengið eða farið í strætó (strætisvagni).

**Paul:** Er langt þangað?

**Gunnar:** Það er korters gangur. Við getum líka séð margt á leiðinni.

A leið til Háskólans

**Gunnar:** Hérna til hægri er Kapólski spítalinn og kirkjan er beint fyrir framan okkur.

**Paul:** Hvað heitir gatan sem liggur niður brekkuna?

**Gunnar:** Hún heitir Tungata. Hún liggur niður í miðbæinn.

**Paul:** Er þetta höfnin sem við sjáum í norðri.

Paul and Gunnar set out to see the city.

**Paul:** Do you have a city map?

**Gunnar:** Yes, here is a good map. Look at it.

**Paul:** Thanks.

**Gunnar:** As you see the city stands on a cape.

**Paul:** Aren't there a lot of hills in the city?

**Gunnar:** Yes. We sometimes call Reykjavík the city on seven hills.

**Paul:** Aren't there any beautiful buildings we can see?

**Gunnar:** Yes, there is for example the Catholic Church, which you can see over there. The House of Parliament is near the hotel. And then there is the University and the National Theater and several beautiful statues.

**Paul:** I have heard that the University is a beautiful building.

**Gunnar:** That's very true. Shall we go there?

**Paul:** How do we get there?

**Gunnar:** We can walk or take the bus.

**Paul:** Is it far?

**Gunnar:** A fifteen minute walk. We can see a lot on the way, too.

On the way to the University

**Gunnar:** Here on the right is the Catholic Hospital and the church is right ahead of us.

**Paul:** What is the name of the street which goes down the hill.

**Gunnar:** It's called Tungata. It leads down to the center of town.

**Paul:** Is that the harbor we see in the north.

**Gunnar:** Já, þetta er hluti af henni.

**Paul:** Í hvaða att er Háskólinn?

**Gunnar:** Við förum í suður til að komast þangað.

**Paul:** Hvað heitir vatnið hérna til vinstri?

**Gunnar:** Það heitir Tjörnin. Hinum megin við hana stendur Frikirkjan.

**Paul:** Er þetta ekki Háskólinn, sem við sjáum hér fyrir framan?

**Gunnar:** Jú, þetta er Náttúru- og Forngripasafnið, sem er næst okkur.

**Paul:** Og þetta er aðalbyggingin, er það ekki?

**Gunnar:** Jú, það er rétt.

**Paul:** Eigum við að fara núna niður í miðbæinn?

**Gunnar:** Já, við skulum ganga fyrir austan Tjörnina.

**Paul:** Af hverjum er þessi myndastytta?

**Gunnar:** Hún er af Þorfinni Karlsefni.

**Paul:** Var ekki sonur hans fyrsta hvíta barnið sem fæddist í Ameríku?

**Gunnar:** Jú, rétt er nú það.

**Paul:** Hérna er hótelið. Eg þarf að skreppa hér inn.

**Gunnar:** Allt í lagi. Eg þarf að fara í vinnuna núna. Eg hittir þig seinna.

**Paul:** Þakka þér fyrir alla hjálpina.

**Gunnar:** Það var ekkert..

**Gunnar:** Yes, that's a part of it.

**Paul:** Which way is the University?

**Gunnar:** We go south to get there.

**Paul:** What is the name of the lake on the left here?

**Gunnar:** That's called Tjörnin. On the other side of it is the Free Church.

**Paul:** Isn't that the University which we see up ahead?

**Gunnar:** Yes, that's the Museum of Natural Science and Archeology nearest to us.

**Paul:** And that's the main building, isn't it.

**Gunnar:** Yes, that's right.

**Paul:** Shall we go downtown now?

**Gunnar:** Yes, let's walk east of Tjörnin.

**Paul:** Of whom is that statue?

**Gunnar:** It's of Þorfinnur Karlsefni.

**Paul:** Wasn't his son the first white child born in America.

**Gunnar:** Yes, that's right.

**Paul:** Here's the hotel. I have to drop in here.

**Gunnar:** All right. I have to go to work now. I'll see you later.

**Paul:** Thanks for all your help.

**Gunnar:** Not at all.

## UNIT SIX

Paul er að hringja í Tryggva Gunnarsson

**Paul:** Góðan daginn, er þetta Tryggvi?

**Tryggvi** (í símann): Já hver er þetta?

**Paul:** Það er Paul Ericson.

**Tryggvi:** Góðan daginn. Hvernig líður þér í dag?

**Paul:** Alveg þryðilega, takk. Eigum við að borða hádegisverð saman?

**Tryggvi:** Já, það list mér vel á að við gerum. Hvar ertu núna?

**Paul:** Eg er á Hotel Borg. Ertu hér nálægt?

**Tryggvi:** Já, ég er hérna rétt hjá.

**Paul:** Hvar eigum við að borða?

**Tryggvi:** Gildaskálinn er ágætur staður.

**Paul:** Hvar er hann?

**Tryggvi:** Hann er í Adalstræti. Heldurðu að þú getir fundið hann?

**Paul:** Já, ég man eftir að hafa séð hann fyrir skömmu.

**Tryggvi:** Ágætt, ég hitti þig þar klukkan tólf.

**Paul:** Ágætt, bless.

**Tryggvi:** Bless.

Paul gengur eftir strætinu

**Paul:** Geturðu sagt mér hvar Gildaskálinn er?

**Vegfarandi:** Hann er til hægri, þegar þú kemur á hornið þarna.

**Paul:** Takk fyrir.

Paul er fyrir framan veitingahúsið, þegar Tryggvi kemur.

**Tryggvi:** Komdu sæll, Paul. Þakka þér fyrir síðast.

**Paul:** Komdu sæll.

Paul is calling up Tryggvi Gunnarsson.

**Paul:** Hello, is this Tryggvi?

**Tryggvi** (on the telephone): Yes, who is this?

**Paul:** It's Paul Ericson.

**Tryggvi:** Hello. How are you today?

**Paul:** Just fine, thanks. Shall we have lunch together?

**Tryggvi:** Yes, I'd like very much to do that. Where are you now?

**Paul:** I'm at Hotel Borg. Are you near here?

**Tryggvi:** Yes, I'm right nearby.

**Paul:** Where shall we eat?

**Tryggvi:** Gildaskálinn is a good place.

**Paul:** Where is it?

**Tryggvi:** It's in Adalstræti. Do you think you can find it?

**Paul:** Yes, I remember seeing it a little while ago.

**Tryggvi:** Fine, I'll meet you there at noon.

**Paul:** Fine. Goodbye.

**Tryggvi:** Goodbye.

Paul walks along the street.

**Paul:** Could you tell me where Gildaskálinn is?

**Passerby:** It's just around the corner to the right.

**Paul:** Thank you.

Paul is standing in front of the restaurant when Tryggvi gets there.

**Tryggvi:** Hello, Paul. Thanks for yesterday.

**Paul:** Hello.

**Tryggvi:** Við skulum fara inn og panta okkur eitthvað að borða.

**Paul:** Já, ég er orðinn svangur. Ég gekk um allan bæinn í morgun.

**Tryggvi:** Var einhver með þér til að sýna þér borgina?

**Paul:** Já, vinur föður míns, sem ég sagði þér frá.

**Tryggvi:** Ó já, ég man; hvað heitir hann?

**Paul:** Gunnar Ólafsson. Þekkirðu hann?

**Tryggvi:** Nei, því miður.

**Paul:** Ég vona að ég geti kynnt hann fyrir þér einhvern tíma.

**Tryggvi:** Hér er þjónninn. Hvað viltu borða?

**Paul:** Hver er algengasti hádegisverðurinn hérna?

**Tryggvi:** Fiskur með kartöflum og grænmeti. Auk þess borðum við oft grauta eða súpur á undan eða eftir. Sumir drekka líka kaffi eftir matinn. Ég er að hugsa um að fá mér ýsu með bráðnu smjöri og brauðsúpu á eftir.

**Paul:** Ég ætla að fá það líka.

**Tryggvi:** Hvað ætlarðu að gera í eftirmiðdaginn?

**Paul:** Ég þarf að kaupa nokkra hluti. Mig vantar nokkrar skyrtur og nokkur pör af sokkum. Hvar er best að kaupa slíkt.

**Tryggvi:** Voruhúsið er ágæt ver slun. Ef þú vilt get ég komið með þér.

**Paul:** Nei, takk. Það er óþarfi.

**Tryggvi:** Dóttir mín kemur hingað eftir tíu mínútur til að keyra mig austur í bæ. Hún getur keyrt þig þangað sem þú þarft að fara.

**Paul:** Ágætt. Mér þætti gaman að kynnast dóttur þinni.

**Tryggvi:** Let's go in and order something to eat.

**Paul:** Fine, I'm hungry. I walked all over the city this morning.

**Tryggvi:** Was anyone with you to show you the town?

**Paul:** Yes, the friend of my father, whom I told you about.

**Tryggvi:** Oh, yes, I remember. What is his name?

**Paul:** Gunnar Ólafsson. Do you know him?

**Tryggvi:** No, unfortunately.

**Paul:** I hope I'll be able to introduce him to you sometime.

**Tryggvi:** Here's the waiter. What do you want to eat?

**Paul:** What do you usually eat for lunch here (in Iceland)?

**Tryggvi:** Fish and potatoes and vegetables. In addition to this we often eat porridge or soup either before or after. Some people also drink coffee after the meal. I think I'll have haddock with melted butter and potatoes and bread soup later.

**Paul:** I think I'll have the same.

**Tryggvi:** What are you going to do this afternoon?

**Paul:** I have to do some shopping (buy some things). I need some shirts and few pairs of socks. Where is the best place to buy such things?

**Tryggvi:** Voruhúsið is an excellent store. If you'd like I can come with you.

**Paul:** No thanks, that would be unnecessary.

**Tryggvi:** My daughter is coming here in ten minutes to drive me to the east part of the city. She can drive you where you have to go.

**Paul:** Fine. I'd like to meet your daughter.



## UNIT SEVEN

Tryggvi og Paul standa fyrir  
framan Gildaskálinn. Þeir eru að  
biða eftir dóttur Tryggva.

**Tryggvi:** Það hefur verið gott  
veður undanfarið.

**Paul:** Já, er veðrið alltaf svona  
gott hérna á sumrin?

**Tryggvi:** Nei, það rignir oftast  
miklu meir á sumrin. Annars er  
veðrið hérna mjög breytilegt.  
Stundum er sólskin, rigning og  
snjór, allt á sama deginum.

**Paul:** Verður nokkurn tíma mjög  
heitt hér á sumrin?

**Tryggvi:** Nei, það verður sjaldan  
eða aldrei heitara en 25 stig.

**Paul:** Hvernig er veðrið á  
veturna?

**Tryggvi:** Það er mjög rakt og  
vindasamt.

**Paul:** Snjóar ekki mikið?

**Tryggvi:** Jú, en snjörinn liggur  
aldrei lengi. Það rignir oft en  
það snjóar á veturna.

**Paul:** Er nokkurn tíma mikill  
kuldí hér á veturna?

**Tryggvi:** Nei, það verður sjaldan  
kaldara en mínus 10 stig.

**Paul:** Er gott veður á vorin og  
haustin?

**Tryggvi:** Já, voríð er stundum  
dálítið kalt og oftast mjög þurrt,  
en haustið er hlýtt og oft nokkuð  
rigningasamt. Hér kemur dóttir  
min.

**Guðrún:** Sæll, pabbi.

**Tryggvi:** Sæl, Guðrún. Má ég  
kynna þig fyrir vini mínum Paul  
Ericson. Paul, þetta er dóttir min,  
Guðrún.

**Paul:** Komdu sæl, Guðrún.

**Guðrún:** Komdu sæll.

**Tryggvi:** Paul þarf að fara í  
Vöruhúsið núna. Gætir þú keyrt

Tryggvi and Paul are standing in  
front of Gildaskálinn. They are  
waiting for Tryggvi's daughter.

**Tryggvi:** It's been good weather  
lately.

**Paul:** Yes, is it always such good  
weather here in the summer?

**Tryggvi:** No, it usually rains  
much more. Besides that, the  
weather is very changeable here.  
Sometimes the sun shines and it  
rains and snows, all in the same  
day.

**Paul:** Does it ever get very hot  
here in the summer?

**Tryggvi:** No, it rarely or never  
gets hotter than 77 degrees.

**Paul:** What's the weather like in  
the winter?

**Tryggvi:** It's very damp and  
windy.

**Paul:** Doesn't it snow a lot?

**Tryggvi:** Yes, but the snow  
doesn't last long. It rains more  
than it snows in the winter.

**Paul:** Is it ever very cold here in  
the winter?

**Tryggvi:** No, it seldom gets colder  
than 14 degrees.

**Paul:** Is the weather nice in the  
spring and fall?

**Tryggvi:** Yes, spring is sometimes  
a little cold and usually very dry,  
but fall is warm and often rainy.  
Here comes my daughter.

**Guðrún:** Hello, dad.

**Tryggvi:** Hello, Guðrún. I'd like to  
introduce to you my friend Paul  
Ericson. This is my daughter,  
Guðrún.

**Paul:** How do you do, Guðrún?

**Guðrún:** How do you do?

**Tryggvi:** Paul has to go to the  
Vöruhúsið now. Can you drive him

hann þangað þegar þú ert búin að keyra mig.

**Guðrún:** Já, ég skal gera það.

**Paul:** Ég vona, að ég sé ekki að ómaka þig.

**Guðrún:** Nei, alls ekki. Vöruhúsið er skammt þaðan sem pabbi er að fara.

**Tryggvi:** Skoðaðirðu austurbæinn í morgun?

**Paul:** Nei, við gengum frá Vesturgötu suður að Háskóla og þaðan niður í miðbæ.

**Guðrún:** Ætlarðu að vera lengi á Íslandi?

**Paul:** Ég ætla aðeins að vera hér í sumar. Í haust þarf ég að fara aftur til Bandaríkjanna.

**Tryggvi:** Hér þarf ég að fara. Verið þið sæl.

Tryggvi stigur út úr bílnum.

**Guðrún:** Hefurðu verið áður á Íslandi?

**Paul:** Nei þetta er í fyrsta sinni, sem ég kem hingað.

**Guðrún:** Hefurðu skoðað mikið af bænum?

**Paul:** Já dálítið, en ég hef ekki ennþá komið inn á veitingahús að kvöldi dags. Ef til vill viltu sýna mér eitthvert þeirra í kvöld.

**Guðrún:** Það væri gaman. Hér er Vöruhúsið.

**Paul:** Takk fyrir. Hvenær má ég ná í þig í kvöld?

**Guðrún:** Klukkan hálf sjö væri ágætt fyrir mig. Ég á heima á Freyjugötu 25.

**Paul:** Allt í lagi, ég hittir þig þá klukkan hálf sjö. Vertu sæl.

**Guðrún:** Vertu sæll.

there after you drop me off?

**Guðrún:** Yes, I'll do that.

**Paul:** I hope I'm not inconveniencing you.

**Guðrún:** Not, not at all. Vöruhúsið is near where Dad is going.

**Tryggvi:** Did you see the east part of the city this morning?

**Paul:** Now we walked from Vesturgata to the University and from there downtown.

**Guðrún:** Are you going to be in Iceland long?

**Paul:** I'm going to be here only this summer. In the fall I have to go back to the United States.

**Tryggvi:** I have to get out here. Goodbye.

Tryggvi gets out of the car.

**Guðrún:** Have you been in Iceland before?

**Paul:** No, this is the first time I've been here.

**Guðrún:** Have you seen much of the city?

**Paul:** Yes, a little, but I haven't yet been in a restaurant in the evening. Perhaps you could show me one of them this evening.

**Guðrún:** I'd like to very much. Here's the Vöruhúsið.

**Paul:** Thank you. When can I pick you up this evening?

**Guðrún:** 6:30 would be fine for me. I live at 25 Freyjugata.

**Paul:** Fine, I'll see you at 6:30. So long.

**Guðrún:** Goodbye.

## UNIT EIGHT

Paul gengur inn í verzlunina.

**Afgreiðslustúlka:** Góðan daginn. Hvað get ég gert fyrir þig?

**Paul:** Mig vantar nokkrar skyrtur og nokkur pör af sokkum, takk.

**Stúlka:** Skyrturnar eru hérna. Hvaða lit viltu fá?

**Paul:** Mig vantar aðallega hvítar skyrtur. Hvaða liti hafið þið annars?

**Stúlka:** Við höfum bláar, brúnar, gular, grænar og gráar skyrtur.

**Paul:** Mér finnst þessi blái litur fallegur.

**Stúlka:** Hvaða stærð notarðu?

**Paul:** Ég nota númer 15. Hafið þið nokkrar bláar í þeirri stærð?

**Stúlka:** Já, hér er ein.

**Paul:** Hvað kostar hún?

**Stúlka:** Hún kostar 115 krónur.

**Paul:** Það er dýrara en ég bjóst við.

**Stúlka:** Fatnaður er dýr hérna, vegna þess að hann er innfluttur.

**Paul:** Hafið þið nokkrar ódýrari?

**Stúlka:** Já, íslensku skyrturnar eru ódýrari.

**Paul:** Efnid virðist vera verra þessum.

**Stúlka:** Já, það er rétt. Hinar skyrturnar eru betri.

**Paul:** Já, þær virðast vera það.

**Stúlka:** Hve margar viltu fá?

**Paul:** Eg ætla að fá þá bláu og tvær hvítar.

**Stúlka:** Vantar þig sokka líka?

**Paul:** Já, hvað kosta þeir?

**Stúlka:** 10 krónur parið.

**Paul:** Mér list vel á þá brúnu.

**Stúlka:** Hvað stærð viltu fá?

**Paul:** Ellefu.

**Stúlka:** Hérna eru brúnir sokkar númer ellefu.

Paul goes into the store.

**Salesgirl:** Good day. What can I do for you?

**Paul:** I need some shirts and some socks, please.

**Girl:** The shirts are over here. What colour do you want?

**Paul:** I need mostly white shirts. What other colours do you have?

**Girl:** We have blue, brown, yellow, green and grey shirts.

**Paul:** I like this shade of blue.

**Girl:** What size do you take?

**Paul:** I take size 15. Do you have some blue ones in that size.

**Girl:** Yes, here's one.

**Paul:** What does it cost?

**Girl:** It costs 115 crowns.

**Paul:** That's more expensive than I expected.

**Girl:** Clothing is expensive here because it is imported.

**Paul:** Do you have any cheaper ones?

**Girl:** Yes, Icelandic shirts are cheaper.

**Paul:** The material in them seems to be poorer.

**Girl:** Yes, that's right. The other shirts are better.

**Paul:** Yes, they seem to be.

**Girl:** How many do you want?

**Paul:** I'll take the blue one and two white ones.

**Girl:** Do you need socks, too?

**Paul:** Yes, what do they cost?

**Girl:** 10 crowns a pair.

**Paul:** I like these brown ones.

**Girl:** What size do you want?

**Paul:** 11.

**Girl:** Here are some brown socks in size 11.

**Paul:** Eg ætla að fá tvö pör af brúnum og eitt af gráum.

**Stúlka:** Hér eru líka mjög fallegir bláir sokkar.

**Paul:** Já, þeir fara vel við skyrtuna. Eg ætla að fá þá líka.

**Stúlka:** Er nokkuð annað sem þú vilt fá. Eg hef herna mjög falleg hálsbindi.

**Paul:** Hvað kosta þau?

**Stúlka:** Fimmtíu krónur.

**Paul:** Já herna. Það er allt of dýrt.

**Stúlka:** Er þá ekkert annað sem þú vilt fá?

**Paul:** Nei, ég hef ekki efni á meiru í bili.

**Stúlka:** Eg skal pakka þessu inn.

**Paul:** Takk fyrir.

**Stúlka:** Þetta eru 385 krónur.

**Paul:** Gjörð svo vel.

**Stúlka:** Takk kærlega fyrir.

**Paul:** Hvernig kemst ég niður í miðbæinn héðan?

**Stúlka:** Þú gengur niður þessa götu þangað til þú kemur á Laugavegin. Þá beygirðu til vinstri og gengur beint áfram í 10 mínútur.

**Paul:** Takk fyrir. Vertu sæl.

**Stúlka:** Vertu sæll.

**Paul:** I'll take two pairs of brown and one of grey.

**Girl:** Here are some pretty blue socks, too.

**Paul:** Yes, they go well with the shirt. I'll take them, too.

**Girl:** Is there anything else you want. I have some very beautiful ties here.

**Paul:** How much are they?

**Girl:** 50 crowns.

**Paul:** Wow? That's too much.

**Girl:** Is there anything else you want then?

**Paul:** No, I can't afford anymore now.

**Girl:** I'll wrap this.

**Paul:** Thanks.

**Girl:** That's 385 crowns.

**Paul:** Here you are.

**Girl:** Thank you very much.

**Paul:** How do I get back downtown from here?

**Girl:** Walk down this street until you come to Laugavegur. Then turn left and walk straight ahead for 10 minutes.

**Paul:** Thanks. Goodbye.

**Girl:** Goodbye.

## UNIT NINE

Paul er að flytja inn í herbergið, Björn Sveinsson, ungur maður sem býr á annarri hæð, er að hjálpa honum.

**Björn:** Hve mikinn farangur hefurðu?

**Paul:** Aðeins þessar þrjár töskur. Þakka þér fyrir að bera þessa tösku upp fyrir mig.

**Björn:** Ekkert að þakka. Get ég hjálpað þér meira?

**Paul:** Nei takk. Ég þarf að skipta um fót núna, því að ég er að fara út í kvöld. Hvað er klukkan núna?

**Björn:** Hún er korter yfir fjögur.

**Paul:** Ágætt, þá hef ég tíma til að fara í sturtu og raka mig og ef til vill til að láta klippa mig líka.

**Björn:** Já, rakarastofurnar eru opnar til k. 6.

**Paul:** Ágætt, ég er kominn með of langt hár. Hvar er góður rakari?

**Björn:** Það er ágætur rakari í Austurstræti.

**Paul:** Hvað kostar að láta klippa sig á Íslandi?

**Björn:** Fimmtán krónur.

**Paul:** Það er ekki mjög dýrt, er það?

**Björn:** Nei, það er ódýrt. Með hverri ætlarðu út í kvöld?

**Paul:** Hún heitir Guðrún Tryggvadóttir. Þekkirðu hana?

**Björn:** Já, ég sé hana stundum í tímum í Háskólanum. Hvar hittirðu hana?

**Paul:** Ég kynntist föður hennar í gær, þegar ég var nýkominn til landsins og hann kynnti mig fyrir henni í dag.

**Björn:** Hún er myndarleg stúlka.

**Paul:** Já, hún virðist vera það. Hefurðu þekkt hana lengi?

Paul is moving into his room. Björn Sveinsson, a young man who lives on the first floor, is helping him.

**Björn:** How much luggage do you have?

**Paul:** Only these three bags. Thanks for carrying that bag upstairs for me.

**Björn:** Don't mention it. Can I help you anymore?

**Paul:** No, thanks. I have to change clothes now because I'm going out this evening. What time is it now?

**Björn:** It's 4:15.

**Paul:** Good, then I have time to take a shower and shave and maybe get a haircut.

**Björn:** Yes, the barbershops are open until 6 o'clock.

**Paul:** Fine, my hair is much too long. Where is there a good barber?

**Björn:** There's a good barber in Austurstræti.

**Paul:** What does a haircut cost in Iceland?

**Björn:** 15 crowns.

**Paul:** That's not very expensive, is it?

**Björn:** No, it's cheap. Who are you going out with this evening?

**Paul:** Guðrún Tryggvadóttir. Do you know her?

**Björn:** Yes, I sometimes see her in classes at the University. Where did you meet her?

**Paul:** I met her father yesterday, just after I arrived, and he introduced me to her today.

**Björn:** She's a nice girl.

**Paul:** Yes, she seems to be. Have you known her long.

**Björn:** Nei, aðeins orfa ár.

**Paul:** Hvað er hún gömul?

**Björn:** Eg veit það ekki nákvæmlega. Eg er tuttugu og eins árs og ég held að hún sé á líkum aldri. Hvað ertu gamall?

**Paul:** Eg er líka tuttugu og eins árs. Hvar er best að fá þveginn þvott?

**Björn:** Það er ágætt þvottahús hérna í næstu götu. Það er frekar ódýrt að láta þvo þar.

**Paul:** Er líka hægt að fá pressuð föt?

**Björn:** Nei, en besti staðurinn til þess er "Stjarnan" á Laugaveginum. Er eitthvað sem þú þarft að láta þvo eða hreinsa.

**Paul:** Já, næstum allar minar skyrtur og nærföt eru óhrein og fötin mín eru orðin krumpuð. Þau lita út eins og ég hafi sofði í þeim.

